

Fundur Gammadeildar 20. mars 2023 í Kerhólum Borgartúni 12 7. hæð

Hrefna formaður Gammadeildar kveikti á kertum og bauð alla velkomna, sérstaklega tilvonandi Gammakonur sem og boðsgesti.

Hún sagði hefðbundin fundarsköp vera með öðrum hætti að þessu sinni vegna heimsóknar Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra. Því næst bauð hún ráðherra að taka við.

Ásmundur fór stuttlega yfir innihald erindi síns. Hann sagðist ekki vera sérfræðingur en hefði brennandi áhuga á málefnum barna og fjölskyldna þeirra. Sem landsbyggðarþingmaður var hann stressaður að taka að sér embætti félagsmálaráðherra þar sem meiri áhugi væri á öðrum þáttum úti á landi eins og landbúnaði og samgöngum. Hann sagði samt að honum hefði gengið vel í starfi og hann hefði náð þeim markmiðum sem hann setti sér í upphafi. Hann velti fyrir sér hversu langt væri hægt að ná ef ráðherra setti einungis eitt málefni í forgang en vissi jafnframt að mikilvægt væri að breyta ráðherraskipan og sameina í eitt embætti málefni sem sameina alla þætti sem snúa að umgjörð æsku barna og menntunar. Að hans mati hefði umræðan ekki snúist um barnavelferð heldur frekar barnabætur og slíkt. Hann lagði ríka áherslu á mikilvægi þess að hafa breiða þverpólítíska samstöðu um málefni barna og aðkomu allra að borðinu þegar farið er í slíka vinnu, bæði sérfræðinga og grasrót. Það voru um 1000-1200 einstaklingar sem komu að grunnvinnu að nýjum lögum um velferð barna. Hann spurði sig, hvernig er hægt að fá kerfin til að vinna saman í kringum barnið? Farsældarlöggjöfin er grunnurinn sem þarf að vera til staðar og fjármagn til innleiðingar skilar meiri arðsemi 2070 en Sundabraudt, Kárahnjúkar og Keflavíkurflugvöllur samtals. Innleiðing tekur 5 til 7 ár. Nokkur sveitarfélög hafa þegar tekið þátt í tilraunakeyrsli. Ásmundur sagði að mikilvægt væri að grípa fyrir inn í mál barna. Í vinnslu er að safna tölfraeðigögnum um ágóðan af farsældarlögum. Einnig er fyrirhugað að opna stafrænt mælaborð um alla þætti sem koma að farsæld barna. Hann sagði að byrjað væri að sjá ávinning af nýju lögunum en eðlilega í örmynd. Í máli hans kom fram hversu mikilvægt það sé að rýna gögnin og skoða hvar þarf aukið fjármagn og þá sé hægt að grípa fyrir inn í sem skilar arði fyrir samfélagið. Eftir síðustu kosningar hafði hann áhyggjur af því hvernig hann gæti haldið áfram með þetta málefni. Því fékk hann breytingu á ráðuneytum þar sem hluti menntamálamálaráðuneytis og velferðarráðuneytis voru sameinaðir. Hann sagði að Guðni Olgeirsson ætti hugmyndina að orðinu farsæld til að tryggja að menntun væri hluti af þessum lögum. Ásmundur ræddi um mikilvægi þess að fá frístund og tómstund til að vera með í þessari vegferð því þar er oft hægt að ná til barna sem eru í skólaforðun. Umræðan um nýja skólaþjónustu snýr að því hvað þarf að vera til staðar til að þjónusta þau börn sem eru í kerfinu. Ásmundur ræddi um nýja stofnun í stað Menntamálastofnunar sem hallar sér að öllum skólastigum. Hún verður með það hlutverk að sameina alla aðila og láta kerfin tala saman. Mikilvægt er að brúa grunn- og framhaldsskólastigið, að það sé samfella og þörfum barna sé mætt t.a.m. börn sem hafa ekki íslensku sem móðurmál. Hann ræddi einnig ólíkar aðstæður milli sveitarfélaga. Teikna þarf upp ferla um hvernig taka skuli á vanda barna. Að lokum kom Ásmundur inn á að verið væri að endurbæta löggjöf um skólaþjónustuna.

Að lokum bauð Ásmundur upp á spurningar úr sal. Áhugaverðar spurningar komu til hans um nýja stofnun, fjölbreyttar starfsstéttir í grunnskólum, starfsþróun, leikskólastigið, stuðning við líðan starfsfólks og þjónustu við smærri sveitarfélög, brothættar byggðir.

Að loknu erindi ráðherra var kaffihlé þar sem veitingar voru í boði Eddu Pétursdóttur, Renötu Emilsson Peskova, Fríðu Bjarneyjar Jónsdóttur og Helgu G. Halldórsdóttur.

Síðari hluti fundar hófst á nafnakalli og fundargerð síðasta fundar var lesin af Sigrúnu Aðalbjarnardóttur.

Því næst voru kynntar tilvonandi Gammakonur þær Ása Valgerður Sigurðardóttir, Þórdís H Ólafsdóttir, Ragný Þóra Guðjohnsen og Hildur Ingvarsdóttir. Sögðu þær stuttlega frá sjálfum sér.

Hrefna fór með minningarorð um Rannveigu Sigríði Sigurðardóttur sem lést 16. febrúar 2023. Hún var fædd 26. júní árið 1920 og hefði því orðið 103 ára í sumar. Rannveig var einn af stofnfélögum Gammadeildar árið 1977 og var virk í starfinu alla tíð. Hún var einstaklega jákvæð og glaðvær og virtist henni eðlislægt að dvelja í núinu. Frábær fyrirmynd að mörgu leyti og minnst Gammasystur hennar með þakklæti, virðingu og hlýju. Að lokum flutti Hrefna fallett kvæði eftir Rannveigu sem sungið var við útför hennar og nefnist Kvöldhúmið.

Afmælisbörn voru heiðruð og þeim afhentar rósir og kort. Björk Einisdóttir varð 60 ára 7. febrúar sl. og Hrefna Þórarinsdóttir 70 ára 15. mars sl.

Önnur mál.

Hrefna vildi nefna nokkur atriði sem framundan væru.

Vorfundur Gammadeildar verður 26. apríl. Dagskrá hefst með sögugöngu í miðbæ Reykjavíkur og matur í kjölfarið.

Félagskonur voru minntar á að 13. til 14. maí verður Vorþing landsambandsins og hægt að skrá sig á heimasíðu félagsins og að hægt er að bóka herbergi á Hótel Örk fyrir þær sem ætla að gista.

Evrópuráðstefna DKG verður haldin í Tampere í Finnlandi 26.-29. júlí nk.

Einnig var minnt á frest til að sækja um styrk í DKGIEF Cornetet Individual Professional Development Awards sjóðinn en hann rennur út 1. maí 2023. Þann 15. maí rennur síðan út frestur til að sækja um að fá birta ritrýnda grein í tímariti DKG, The Bulletin: Journal. Frekari upplýsingar er að finna í fréttabréfi forseta og á vefsíðu.

Tvær athugasemdir komu fram á fundinum. Önnur þeirra var um mikilvægi þess að þeir sem væru að flytja erindi væru með míkrofón til þess að allir fundargestir gætu heyrt vel það sem fram færi og hin að það vantaði fundagerðir inn á heimasíðu Gammadeildar.

Slökkt á kertum, þakkað fyrir góðan fund og fundi slitið.